

STÖRKURINN

LAUF

sjal með laufblaðamynstri



STORKURINN

Hönnun

Mohair by CANARD

Stærð

Um 70 cm á hæð og um 145 cm á breidd. Einfalt að stækka sjalið með því að bæta við mynsturbekk í lokin.

Garn

Tvinnað mohair frá Mohair by CANARD, 4 x 50g hespur. 75% kidmohair/ 25% merínóull, 50g = 175m.

Prjónar

80cm hringprjón nr. 5.

Prjónfesta

18L og 26 umf í mynsturprjóni á prjóna nr. 5 = 10 x 10 cm. Notið fínni eða grjófari prjóna ef þarf til að ná réttri prjónfestu.

Kantlykkjur

Fyrstu 3 og síðustu 3 lykkjurnar í hverri umferð eru prjónaðar sléttar til að mynda garðaprjónskant. Kantlykkjurnar eru með í mynsturteikningunni.

Athugið

Það er prjónað fram og til baka á hringprjón, frá horninu neðst og endað á fullri breidd efst. Mynsturteikningin sýnir aðeins lykkjur á réttunni. Á röngunni eru allar lykkjur prjónaðar brugðnar nema kantlykkjurnar, 3 fyrstu og síðustu í umferð sem eru prjónaðar slétt. Í hvert skipti sem 16 umferða mynstri lýkur eykst fjöldi lykkja um 18. Þannig verður til pláss fyrir eitt laufblað til viðbótar sitt hvoru megin til hliðanna.

Sjalið

Fitjið upp 23L og prjónið 5 umf slétt. Prjónið næstu 9 umf eftir mynstri. Fitjið upp 9 L í enda 10. umf (á röngunni). Prjónið 11. umf eftir mynstri, og fitjið upp 9 nýjar L í enda þeirrar umf = 41 L.

Haldið áfram og prjónið 12. til 25. umf eftir mynstri. Í 26. umf (á röngunni) eru aftur fitjaðar upp 9 nýjar L í enda umf. Prjónið 27. umf eftir mynstri og fitjið upp 9 nýjar L í enda þeirrar umf = 59 L. Prjónið 28. - 32. umf eftir mynstri.

Endurtakið 17.- 32. umf eftir mynstri þar til búið er að auka út alls 13 sinnum í hvorri hlið = 257 L.

Prjónið 6 umf slétt og fellið laust af.

Frágangur

Strekkið sjalið rakt til að móta það og opna mynstrið.

Þýðing: STORKURINN - Mohair by CANARD garnið fæst í Storkinum.

